

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn,  
nr. 161 21. september 1959.

## 1. gr.

Á eftir V. kafla reglugerðarinnar komi nýr kafli, sem verður VI. kafli, er orðast þannig, og breytast eftirfarandi kaflar og greinar í samræmi við það:

## VI. KAFLI.

## Um hafnsögu.

## 20. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnsögumenn, svo marga, sem þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði.

## 21. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sér eftir því, sem sagt er í reglugerð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

## 22. gr.

Hafnarnefnd getur með þriggja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum. Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber að vanrækslu í starfi sínu.

## 23. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Patreksfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal, þegar það er komið hálfu mílu undan Vatneyrarodda, gefa merki um, að það óski hafnsögumanns eða tilkynna það með símskeyti, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

## 24. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar í höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur í skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

## 25. gr.

Hvert skip, sem úr höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum skv. 4. gr. er skylt að vitja þess.

## 26. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjöl.

## 27. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi eða ástæða er til að halda að sóttþætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

## 28. gr.

Hafnarsjóður leggur til báta og önnur tæki, er hafnsögumenn þurfa að nota við starfa sinn, svo og mannahjálp.

## 2. gr.

Á eftir IX. kafla, sem verður X. kafli, kemur nýr kafli, sem verður XI. kafli og orðast þannig, og breytast eftirfarandi kaflar og greinar í samræmi við það:

## XI. KAFLI

**Hafnsögugjöld.**

## 36. gr.

Öll skip, 30 brúttórúmllestir að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar. Herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

## 37. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr höfninni.

## 38. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, 250 krónur fyrir hvert skip, auk 70 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 rúmllestum og 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
- b) Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, auk 35 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 lestum og 10 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
- c) Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa greiðist 125 krónur, auk 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest.
- d) Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða, sem skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 1. gr., greiða 50 krónur til hafnarsjóðs.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1966.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*